

**FRÆÐSLUNEFNDARFUNDUR**  
**HALDINN 06.03.2017 Á KIRKJUBÆJARSTOFU**  
**Fundur nr. 149**

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Auðbjörg B. Bjarnadóttir (D), Þorsteinn M. Kristinsson (D) og Ragnheiður Hlín Símonardóttir (Ó). Sverrir Gíslason (Ó) boðaði forföll og í hans stað mætti Auður Eyþórsdóttir. Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z) boðaði forföll.

Þorsteinn ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður alla velkomna.

**Fræðslunefnd kl. 09:00.**

**1. Heilsudagar.**

Umræður um heilsudaga. Tókust með ágætum. Fræðslunefnd þakkar öllum styrktaraðilum og þátttakendum á heilsudögum.

**2. Önnur mál.**

Næstu fundir ræddir.

**Heilsuleikskólinn Kæríbær kl. 09:15**

Mættir auk nefndarmanna:

Guðrún Sigurðardóttir (leikskólastjóri). Karítas Heiðbrá Harðardóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna, boðaði forföll.

**1. Málefni leikskólans.**

Viðað í næstu liði. Nemendur eru í dag 19 talsins og fer fjölgandi.

**2. Skólanámskrá 2016 - 2017.**

Er í vinnslu. Komin til foreldraráðs til umsagnar. Unnið í því að koma hugmyndum leikskólabarnanna inn í námskrána.

**3. Starfsmannamál.**

Leikskólastjóri ræðir um að starfsfólk vanti við skólann í maí til júlí. Starfsmaður hættir um mánaðarmótin maí/júní.

**4. Önnur mál.**

- a) Leikskólastjóri sagði frá því að starfsmenn eru nýbúnir að fara á skyndihjálparnámskeið hjá Rauða krossinum.
- b) Leikskólinn hefur sent út almenna foreldrakönnun, sem hluta af ytra mati. Starfsfólk leikskólans fékk einnig könnun vegna ytra matsins.
- c) Sameiginleg neyðaráætlun er í smíðum á skólaskrifstofusvæðinu, ef upp kemur skyndileg starfsmannaekla.
- d) Formaður kallar eftir drögum að skóladagatali, í samstarfi við grunnskólann.

## **Kirkjubæjarskóli á Síðu kl. 10**

Mættir auk nefndarmanna: Kjartan H. Kjartansson (skólastjóri), Linda Agnarsdóttir (fulltrúi kennara) og Lars Hansen (fulltrúi foreldra).

### **1. Starfsáætlun 2016 - 2017.**

Starfsáætlun staðfest.

### **2. Skólanámskrá 2016 – 2017.**

Skólanámskrá staðfest. Tilmæli frá fræðslunefnd um að skólanámskrá sé tilbúin, eigi síðar en í október ár hvert.

### **3. Pisa.**

Niðurstöður lagðar fyrir að beiðni skólaskrifstofu. Kirkjubæjarskóli var ekki hluti af síðustu Pisakönnun árið 2015 v/fámennis en tók þátt 2012 en almennt eru skólar á starfsvæði skólaskrifstofunnar yfir landsmeðaltali og OECD í öllum þremur liðunum.

### **4. Vegvísir samstarfsnefndar Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Um er að ræða nánari greiningu á ástandi innan kennarastéttarinnar. Meginmarkmiðin að bæta framkvæmd skólastarfs og ná sátt við kennara um starfsumhverfið. Tryggja að kennsla og undirbúningur hennar séu forgangsverkefni í skólastarfi og léttu álagi af kennurum þar sem við á. Vegvísirinn ræddur.

### **5. Drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2017 – 2018.**

Skóladagatal rætt. Stefnt að því að vinnu við það verði lokið í maí.

### **6. Bréf frá sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 17. nóvember 2016.**

Um að ræða Íslandsmót í iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu 2017. Kirkjubæjarskóli fór á kynninguna á síðasta ári og var almenn ánægja með hana. Skólastjóri segir frá því að Kirkjubæjarskóli geti ekki tekið þátt að þessu sinni, þar sem önnur kennsla og viðburðir eru á sama tíma.

### **7. Önnur mál.**

- a) Samstarfsyfirlýsing um eftirfylgni úttektar á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Lögð fram til kynningar.
- b) Gestanemendur. Rætt um hvort setja ramma utan um slíkar heimsóknir.
- c) Skólapúlsinn. Kostir og gallar könnunarinnar ræddir.
- d) Skólastjóri greinir frá því að hönnuður sé á leiðinni til að skoða breytingar á klósettum skólans og heimilisfræðistofu.

## **Tónlistarskóli kl. 11.**

Mættur auk nefndarmanna: Einar Melax, skólastjóri.

### **1. Málefni tónlistarskólans.**

- a) Skólastarfið almennt. Alls eru 21 nemandi við skólann. Sex nemendur í fullu námi en aðrir í hálfu námi. Að öðru leyti gengur skólinn með hefðbundnum hætti.
- b) Píanókaup. Er enn í vinnslu. Einar er með augastað á einu Petrof píanói. Hugmynd um að koma gamla píanóinu í verð. Einari falið að ræða við sveitarstjóra um það.
- c) Starf Einars rætt, með tilliti til kennslu í tónlistarskóla, grunnskóla, auk þess sem Einar tekur að sér vinnu fyrir kirkjuna. Einar óskar eftir endurskoðun á framlagi hans til tónmenntakennslu innan grunnskólans.
- d) Hljóðfæraleiga. Einar minnst á að leigja hljóðfæri út frá skólanum í stað þess að lána þau út. Við það skapist fé til viðhalds. Einari falið að athuga með útfærslu fyrir næsta fræðslunefndarfund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.

Fundargerð er tölvuskráð og er 3 blaðsíður (bls. 3 - 5).

Fundarritari: Þorsteinn M. Kristinsson

Auðbjörg B. Bjarnadóttir (sign)

Þorsteinn M. Kristinsson (sign)

Auður Eypórsdóttir (sign)

Ragnheiður Símónardóttir (sign)